

Alþingi - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Akureyri, 30. nóvember 2007  
Tilv.: 0711038

*Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um íslenskukennslu fyrir innflytjendur, 28. mál.*

Ástæða er til að fagna tillögunni sem slíkri, enda ljóst að full ástæða er til að efla umrædda kennslu til muna. Í tillögunni er það þó í raun aðeins 4. liður sem snertir kennaradeild Háskólans á Akureyri með beinum hætti en þar segir að stefnt skuli að því að „efla kennslu í íslensku sem öðru máli í íslensku- og kennslufræðideildum háskóla landsins“. Íslenskukennarar kennaradeildar HA, eru reiðubúin að leggja sitt lóð á þessar vogarskálar og horfa þar ekki síst til aðstæðna þeirra innflytjenda sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Að sama skapi eru þau reiðubúin til þátttöku í því starfi sem tilgreint er í 5. lið ályktunarinnar en þar segir að skilgreina þurfi grunnmarkmið íslenskunáms fyrir innflytjendur.

Þá er gerð sú athugasemd að full ástæða sé til að horfa til lengri tíma en þeirra 5 ára sem ráð er fyrir gert í ályktuninni. Með því yrði fremur hægt að tryggja að þeim árangri sem kann að nást á þeim tíma verði fylgt eftir og að bætt verði við þá þekkingu og reynslu sem myndast við þessi fyrstu skref.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Gunnarsson, rektor